

ekki eftir öllum atvikum alveg næg ástæða til að dæma honum varðhaldsvist eftir 5. gr. laga nr. 5 18. maí 1920.

Rekstur máls þessa hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Páll Ingibergsson, greiði 35.000.00 króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands.

Skal sektin greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella skal kærði afplána hana með 8 mánaða varðhaldsvist.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í v/b Reyni, V.E. 15, skulu upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgisjóðs Íslands.

Kærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Theodórs B. Línalds hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 17. október 1949.

Nr. 124/1948. **Valdstjórnin** (Jón N. Sigurðsson)
gegn

Björgvin Jónssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Asbjörnssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar brot kærða við 1. gr. sbr. 1. mgr. 3. gr. og 5. gr. laga nr. 5/1920 og lög nr. 4/1924. Gullgildi íslenzkrar krónu er nú 23.594. Samkvæmt þessu og öðrum atvikum þykir sekt á hendur kærða hæfilega ákveðin 42.500 krónur til Landhelgisjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá verður samkvæmt nefndri 5. gr. laga nr. 5/1920 að dæma kærða, sem hinn 27. febrúar 1946 sætti refsidómi fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi, til að sæta varðhaldi 2 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Björgvin Jónsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði og greiði 42.500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald í 7 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og greiðslu málskostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. maí 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 19. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu borgardómara að Tjarnargötu 10 af Gunnari A. Pálssyni setudómara, kveðinn upp dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Björgvin Jónssyni, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Björgvin Jónssyni skipstjóra, Úthlíð í Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Kærði er fæddur að Varmahlíð í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu 16. maí 1899 og er því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur, svo að kunnugt sé, sætt þeim refsingum, er nú greinir:

1930 7/4 Sætt, 25.00 króna sekt fyrir brot gegn fiskveiðasamþykkt Vestmannaeyja.

1933 18/5 Sætt, 25.00 króna sekt fyrir sams konar brot.

1934 9/2 Kærður fyrir brot gegn heilbrigðissamþykkt Vestmannaeyja. Afgreitt með aðvörun.

1935 29/4 Sætt, 25.00 króna sekt fyrir brot gegn fiskveiðasamþykkt Vestmannaeyja.

1937 23/2 Sætt, 25.00 króna sekt fyrir sams konar brot.

1946 27/2 Dómur, 29.500.00 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, afli og

veiðarfæri m/s Gottu, V.E. 108, gerð upptæk til sama sjóðs, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot.

Atvik máls þessa eru þau, að klukkan 10.30 miðvikudaginn 31. marz sl. var Grummanflugbátur flugfélagsins Loftleiða h/f hafinn til flugs af flugvælinum í Reykjavík. Flugmenn voru þeir Alfreð Eliasson flugstjóri, Eskihlið 7, og Stefán Magnússon flugmaður, Laugahvoli við Laugarásveg, báðir í Reykjavík. Var flugvélin send af framkvæmdastjóra landhelgisgæzlunnar, Pálma Loftssyni, og var ferðinni heitið með suðurströndinni austur að Ingólfshöfða í því skyni að athuga um ólögmatar veiðar. Voru því með í förlinni landhelgisgæzlumennirnir Jón Jónsson skipherra, Njálsgötu 4, og Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, Kjartansgötu 3, báðir í Reykjavík. Hefur Jón skipherra sem vitni skýrt frá ferðum flugvélarinnar á þá leið, er nú verður greint, og hefur Eyjólfur 1. stýrimaður, og sem vitni, staðfest þá frásögn hans svo og báðir fyrrgreindir flugmenn, einnig sem vitni, að því leyti sem þeir hafa verið spurðir.

Kveður Jón skipherra, að flogið hafi verið yfir Reykjanesskaga og komið að sjó við Krýsuvíkurborg, en þaðan hafi verið haldið austur með landi innan landhelgislinu í um það bil tveggja sjómílna fjarlægð frá landi. Á Herðisarvík hafi sézt togbátur að veiðum í landhelgi klukkan 10.53, og er komið hafi verið að Dyrhólaey, hafi enn sézt tveir togbátar í landhelgi. Á öðrum þessara báta hafi bátverjar breitt yfir nafn og umdæmistölu, er þeir hafi orðið þess varir, að farið var að athuga athafnir þeirra, en á hinum bátnum hafi bæði nafn og umdæmistala verið svo máð, að gæzlumennirnir hafi ekki séð þau, enda þótt þeir gerðu sex tilraunir til þess. Á báðum þessum bátum hafi þó sézt umdæmistóbókstafirnir V.E. Bátar þessir hafi verið 1.7 sjómílu innan landhelgislinu. Klukkan 11.55 hafi fluginu verið haldið áfram austur með frá þessum stað og stefnt laust af Kötlutanga utan við Hjörleifshöfða. Hafi hin flogna lína öll verið innan landhelgi, en misjafnlega langt vegna hlykkja landhelgislinunnar. Lengst hafi hún verið 2.4 sjómílur fyrir innan línuna, en stytzt 1.8 sjómílu. Þegar komið hafi verið austur á móts við Kötlutanga, hafi orðið á leið flugvélarinnar nokkrir bátar, þ. á m. v/b Jón Stefánsson, V.E. 49, en það er togbátur að stærð 65 smálestir brúttó með 193 hestafla vél, og er eigandi hans kærði í máli þessu, og var hann sjálfur skipstjóri á bátnum í þetta sinn. Þar eð gæzlumennirnir töldu, að báturinn væri þarna að ólöglegum landhelgisveiðum, hófu þeir athugun um stað hans og athafnir, en þá var klukkan alveg um 12 á hádeggi. Segir Jón skipherra, að fyrst hafi verið flogið austur með honum stjórnborðs megin og komið aftan að honum, enda hafi hann stefnt í austur. Flogið hafi verið nokkuð austur fyrir bátinn, en síðan snúið við og flogið vestur með honum. Hafi þá verið komið á móti bátnum og flogið bakborðs megin við hann. Í bæði skiptin hafi verið flogið mjög nálægt bátnum og lágt eða vel yfir siglum hans. Í

siðasta skiptið hafi stefna verið tekin á „Portlands“-vita í því skyni að gera staðarákvörðun bátsins. Staðarákvörðunina hafi landhelgisgæzlumennirnir gert báðir við fullkomlega örugga aðstöðu að öllu leyti. Hafi hún verið framkvæmd þannig, að flugvélin hafi verið stafnsett á „Portlands“-vita, og þegar komið hafi verið yfir bátinn, hafi staður hans reynzt: austurbrún Hjörleifshöfða $\neq$ Drang og réttvisandi miðun 281° á „Portlands“-vita. Enn fremur hafi Reynisdranga á sama tíma borið í Dyrhólaeyna að ofanverðu. Hafi staðarákvörðun þessi sýnt v/b Jón Stefánsson 1.8 sjómílu innan landhelgislínu. Staðarákvörðun þessa bar skipherrann undir flugmennina, er hann hafði sett hana á kort. Höfðu þeir mælt fjarlægðina milli báts og strandar með því að fljúga þar á milli, og töldu þeir staðarákvörðun gæzlumannanna koma heim við athugun sína. — Í rannsókn málsins var lagt fram sjókort með ámörkuðum stað v/b Jóns Stefánssonar, gert af Jóni skipherra og staðfest í lögregluréttinum af honum. Hlutaðist dómariinn til um, að skólastjóri Stýrimannaskólans, Friðrik Ólafsson, fyrrverandi varðskipsforingi, kynnti sér gögn málsins og athugaði staðarákvörðun skipherrans. Taldi skólastjórinn staðarákvörðunina rétta á kortinu, eftir því sem upp væri gefið, og staðfesti það álit sitt með áritun á fyrrgreint sjókort í viðurvist dómarans. — Kærði hefur lýst því í rannsókn málsins, að hann hafi enga staðarákvörðun gert sjálfur, er flugvélin flaug yfir v/b Jón Stefánsson, en hann mótmælti þó ekki staðarákvörðun gæzlumannanna. — Að staðarákvörðuninni lokinni flugu gæzlumennirnir enn austur með bátnum og héldu áfram för sinni austur með ströndinni til áframhalds gæzlustarfínu.

Að þessu athuguðu þykir ekki leika vafi á um það, að v/b Jón Stefánsson hafi verið staddur á þeim stað, er fyrrgreind staðarákvörðun greinir, þegar landhelgisgæzlumennirnir athuguðu hann á fyrrgreindum tíma.

Við athugun sína töldu gæzlumennirnir sig verða þess vísa, að v/b Jón Stefánsson væri þarna að botnvörpuveiðum í landhelgi, og er þeir komu heim úr gæzluförinni, sendu þeir bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum símskeyti og kærðu skipstjóran fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi. Var rannsókn siðan hafin af settum bæjarfógeta, Axel Ó. Ólafssyni bæjarfógetafulltrúa, 3. apríl sl., en vegna anna taldi hann sig ekki geta haldið henni áfram og lokið málinu. Hinn 7. sama mánaðar var Gunnar A. Pálsson, lögfræðingur í Reykjavík, skipaður til þess að fara með málið sem setudómari. Hefur hann því farið með það siðan.

Kærði neitar því ákveðið að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi umrætt skipti. Hefur hann skýrt svo frá ferðum sínum, að hann hafi farið í róður frá Vestmannaeyjum klukkan 9.40 að morgni 30. marz sl. og verið á togveiðum um daginn. Klukkan 5 að morgni 31. marz sl. hafi hann verið staddur suðvestur af Dyrhólaey. Hafi hann tekið þar tvö tog og lokið þeim um klukkan 10 f. h. Hafi varpan þá verið tekin á þílfar, forhlerinn settur á öldustokk langs eftir bátnum, en afturhlerinn látinn liggja þversum gegnum afturgálgann. Að þessu loknu

kveðst kærði hafa hafið siglingu og sett stefnuna suðaustur að austri fyrir Dyrhólaey. Segist hann hafa haldið þeirri siglingu áfram óslitið í sömu eða svipaða stefnu, unz hann hafi kastað aftur klukkan 13.30.

Kærði sá gæzlufugvélinu á þeim tíma, er gæzlumennirnir segja, að þeir hafi verið að athuga v/b Jón Stefánsson, og segist hann hafa skrifað hjá sér, er hún flaug vestur með bátnum, að klukkan hafi verið nákvæmlega 12. Telur hann hana hafa flogið svo lágt og nálægt bátnum, að vorkunnarlaust hafi verið fyrir gæzlumennina að sjá allt, er fram hafi farið um borð. Fluginu lýsir hann á svipaðan hátt og gæzlumennirnir. Kærði kveður bátinn hafa verið á 9 sjómilna ferð austur með, þegar yfir hann hafi verið flogið. Segist hann ekki skilja, að neitt það hafi farið fram um borð, er hafi getað valdið því, að gæzlumönnunum hafi mis-sýnt svo sem hann telur, að þeim hafi gert. Fisk segir kærði ekki hafa verið á þilfari bátsins annan en nokkra eða örfáa ufsa, sem verið hafi í einni stíu bakborðs megin.

Í rannsókn málsins hafa bátverjar kærða verið krafðir vættis. Eru framburðir þeirra að mestu í samræmi við frásögn kærða, þótt nokkurs misræmis gæti um tímaákvarðanir. Verða framburðir bátverja nú raktir um þau atriði, er einhverju virðast skipta.

Vitnið Þorgils Bjarnason, 2. vélstjóri, kveðst hafa komið á vörð klukkan 9 að morgni 31. marz. Hafi báturinn þá verið á siglingu austur með landi, líklega í stefnu suðaustur að austri. Minni sig, að ekki hafi verið kastað eftir það fyrr en á 13. eða 14. tímanum, og ekkert hafi verið dregið úr hraða á þessu tímabili. Vitni þetta kveðst ekki hafa orðið gæzlufugvélarinnar vart, en fullyrðir, að v/b Jón Stefánsson hafi ekki verið að toga um það leyti, sem sér hafi verið sagt, að hún hafi flogið yfir bátinn.

Vitnið Kjartan Guðmundsson stýrimaður segist hafa verið á verði frá klukkan 9 til 14. Um klukkan 10 hafi verið sett á ferð austur með og haldið áfram óslitið til klukkan milli 12.30- og 13, en þá hafi verið kastað á ný, og komi ekki til mála, að báturinn hafi verið að toga, þegar yfir hann var flogið.

Vitnið Theódór Jóhannsson háseti segir, að báturinn hafi ekki verið að toga um klukkan 12 á hádegi hinn 31. marz. Segist vitnið hafa verið niðri og ekki hafa orðið gæzlufugvélarinnar vart, en byggja staðhæfingu sína á því, að það hafi ekki verið kallað á þilfar til að varpa vörpunni, en það hafi verið sitt verk, hvernig sem staðið hafi á um vaktir sínar. Enn fremur segist vitnið hafa fundið það á hreyfingu bátsins um þetta leyti, að hann hafi ekki verið að toga.

Um öll vitnin er þess að geta, að þau voru enn skipverjar kærða og undir hans stjórn, er þau voru leidd. Enn fremur tekur öll áhöfn v/b Jóns Stefánssonar kaup sitt í aflahlut. Af þessum ástæðum verða vitnin ekki talin óaðfinnanleg, og verður að meta framburði þeirra með þeim fyrirvara, er þau bera kærða í hag.

EKKI verður dregið í efa, að landhelgisgæzlumennirnir hafi athugað at-

hafnir bátsins og bátverja við góða aðstöðu, enda var veður og skyggni gott og ekki vont í sjó. Létu þeir flugvélinu fljúga mjög nálægt bátnum í þrjú skipti. Athuguðu þeir, hvað fram fór um borð, bæði með berum augum og sjónaukum. Rúður flugvélarinnar voru hreinar og vængirnir fyrir ofan gluggana og byrgðu því ekki sýn. — Dómarinn lætur þess getið í þessu sambandi, að hann hafi sjálfur, í því skyni að gera sér grein fyrir aðstöðu gæzlumannanna, látið flugvél fljúga með sig að togbáti að veiðum. Hafi sér virzt mjög góð aðstaða til allrar athugunar á bátnum, t. d. hafi dragstrengirnir sézt mjög greinilega.

Vitnið Jón Jónsson skipherra segist hafa séð greinilega, að v/b Jón Stefánsson hafi verið á togveiðum umrætt skipti. Sézt hafi greinilega dragstrengir aftur úr bátnum. Engin veiðarfæri, hvorki varpa né hlerar, hafi sézt á þilfari. Sérstaklega kveðst vitnið hafa athugað, hvort freytt hafi fyrir bátnum, og séð, að það hafi verið svo litið, að um fulla ferð hans hafi ekki verið að ræða, enda þótt skrífuvatn væri þungt, er bent hafi til þess, að báturinn hafi erfiðað. Þá segist vitnið hafa veitt því sérstaka athygli, hvernig dragstrengirnir hafi skorið sjóinn, og hafi það verið á sama hátt og venjulegt sé, þegar skip séu að toga. Loks segir vitnið, að nokkur fiskur hafi verið á þilfari, dreifður um það, en kveðst þó ekki hafa veitt því athygli, hvort fiskur hafi verið í öllum stíum.

Vitnið Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, kveðst greinilega hafa séð, að v/b Jón Stefánsson hafi verið þarna á togveiðum. Engin veiðarfæri hafi verið sjáanleg á þilfari. Greinilega hafi sézt tveir dragstrengir aftur úr bátnum og hvernig þeir hafi skorið sjóinn, en það sjáist vel, þegar jafngott sé í sjó og þarna hafi verið, og sé þeim mun greinilegra, þar sem jafnan sé titringur á strengjunum af átakinu frá skipinu. Vitnið kveður bátinn hafa verið á venjulegri togferð, og hafi það sézt á því, að litið hafi freytt fram undan honum. Af skrífuvatninu hafi þó virzt, að þungt álag væri á vélinni. Þá kveðst vitnið hafa séð talsverðan fisk á þilfari bátsins.

Báðir hafa landhelgisgæzlumennirnir unnið eið að framburði sínum.

Með vísun til framangreindra ákveðinna og eiðfesta vitnaframburða landhelgisgæzlumannanna þykir ekki varhugavert að telja uppvíst, að v/b Jón Stefánsson hafi verið að ólöglegum landhelgisveiðum með botnvörpu á fyrrgreindum stað og tíma, þrátt fyrir gagnstæða framburði nokkurra bátverja, er samkvæmt framanskráðu geta engir talizt lögfull vitni í máli þessu, enda verður að telja þá alla hluttakendur í hinum refsiverða verknaði kærða, þótt þeir séu að lögum undanþegnir refsingu. Verður því að telja kærða hafa gerzt sekan við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. og lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot. Þykir refsing kærða, sem áður hefur gerzt sekur um sams konar brot, með vísun til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu (100 gullkrónur = 294.46 pappírskrónur), hæfilega ákveðin 35.000.00 króna sekt, er renna skal í Landhelgisgjóð Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærði afplána hana með

8 mánaða varðhaldsvist. Þá skal og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, er innan borðs voru í v/b Jóni Stefánssyni, upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands. Loks skal kærði greiða allan kostnað sakar þessarar.

Enda þótt kærði hafi áður gerzt sekur um sams konar brot, þykir ekki eftir öllum atvikum alveg næg ástæða til að dæma honum varðhaldsvist eftir 5. gr. laga nr. 5 18. maí 1920.

Rekstur máls þessa hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Björgvin Jónsson, greiði 35.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Skal sektin greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella skal kærði afplána hana með 8 mánaða varðhaldsvist.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í v/b Jóni Stefánssyni, V.E. 49, skulu upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Kærði skal greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1949.

Nr. 46/1947. **Magnús Jónsson** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Steingrími Benediktssyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson

í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ágreiningur um kaupgreiðslu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1947, krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekki eru leiddar að því sönnur, að stefndi í máli þessu hafi, svo að bindandi væri, ráðizt til áfrýjanda með þeim kjörum, að áfrýjandi tæki í sínar hendur mismun á þeim launum, er h/f Smiður greiddi fyrir vinnu stefnda, og venjulegu verka-